

## REGLUR

### um breytingu (28) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Við upptalningu á starfsnefndum háskólaráðs í 1. másl. 11. gr. bætist: gæðanefnd.

#### 2. gr.

Í stað 3. másl. 1. mgr. 17. gr. koma tveir málsliðir svohljóðandi: Um val á fulltrúum stúdenta fer eftir reglum sem deildarfundur setur. Í þeim reglum skal tryggt eftir því sem kostur er að stúdentar í grunnnámi og í framhaldsnámi eigi aðild að deildarfundum.

#### 3. gr.

Í stað 2. – 4. másl. 4. mgr. 22. gr. koma tveir málsliðir svohljóðandi: Um val á fulltrúum stúdenta fer eftir reglum sem deildarfundur setur. Í þeim reglum skal tryggt eftir því sem kostur er að stúdentar í grunnnámi og í framhaldsnámi eigi aðild að skorarfundum.

#### 4. gr.

Við upptalningu lærdómstítla á meistarástigi skv. tölulið 2.1 í 1. mgr. 54. gr. bætist: Master of Public Health, MPH.

#### 5. gr.

Í stað „tíu“ í 2. mgr. 59. gr., sbr. 2. gr. reglna nr. 1151/2005, kemur: fimmtán.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á XIV. kafla sem fjallar um nám í hugvísindadeild:

1. Við upptalningu kennslugreina til B.A.-prófs í 1. mgr. 101. gr. bætist: Austur Asíufræði.
2. Annar málsliður 7. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Þó skulu heimspekileg forspjallsvísindi ætíð vera skylda í deildinni og almenn málvísindi og bókmenntafræði vera skylda í tungumálum.
3. Orðin „að viðbættum heimspekilegum forspjallsvísindum (3 einingar)“ í upphafs málslið 103. gr. falla brott.

#### 7. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Breytingar á hlut heimspekilegra forspjallsvísinda í námsskipan hugvísindadeildar skv. XIV. kafla reglna þessara taka gildi við upphaf haustmisseris 2006 og verður ákvæðum 101. og 103. gr. beitt um nám stúdenta sem innritast við deildina háskólaárið 2006-2007 og síðar. Eldri reglur gilda um nám sem stúdentar við deildina hafa skráð sig til með árlegri skráningu 2006 eða fyrir. Heimilt er hugvísindadeild að fallast á beiðni stúdents um að nýrri reglur gildi um nám hans.

8. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og að fengnum tillögum háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 27. júní 2006.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2006